

Dagsetning 6. mars 2012

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku á Íslandi, mál 30.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillögunnar á þá þætti.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun telur skynsamlegt að lagt verði mat á alla orkukosti sem til staðar eru á eða umhverfis landið og að byggður verði upp gagnagrunnur á þessu sviði. Stofnunin styður ofangreinda þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á þróunarsviði
Byggðastofnunar.